

**24. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
miðvikudaginn 12. janúar 2022, kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Valgeir Scott, Sigurdís Samúelsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

Sigurdís víkur af fundi undir þessum lið

1. Göngustígur milli Raggagarðs og tjaldsvæðis - 2104006

Tekið fyrir erindi frá Raggagarði dags. 22. apríl 2021 er varðar göngustíg frá Túngötu 16 að göngustíg Raggagarðs á Boggutúni.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við að stígur verði lagður frá tjaldsvæði að Raggagarði en bendir á að þegar er gönguleið eftir gangstétt í Túngötu.

Nefndin telur þó að verkefnið sé ekki forgangsverkefni hjá sveitarfélagini.

Samþykkt

Sigurdís kemur inn á fund

2. Hreinsun á lóðum og lendum, númeralausir bílar - 2112002

Tekið fyrir tölvupóstur Antons Helgasonar frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 06.12.2021, er varðar að starfsmaður verði ráðinn til að sinna umhverfiseftirliti.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd telur ekki þörf á einu stöðugildi til að sinna umhverfiseftirliti.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn af hafna erindinu.

Hafnað

3. Eyri í Ísafirði - 2201002

Tekin fyrir tölvupóstur frá Sigurgísla Ingimarssyni dags. 10.01.2022 þar sem sótt um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á Eyri í Ísafirði skv. teikningum frá Verkfræðistofu Suðurnesja dags. 04.11.2021

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að skv. töflu 11.10 í Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030 er heimilt að byggja frístundahús á Eyri í Ísafirði.

Nefndin bendir á að skv. grein 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð eru fjarlægðarmörk frá ám og sjó 50 m.

Sækja þarf um undanþágu frá þeirri kvöð.

Nefndin bendir á að skv. 44. gr. skipulagsлага segir:

„framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir

. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar
12.01.2022

*getur sveitarstjórn eða sá aðili sem heimild hefur til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr.
6.gr., ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar efframkvæmdin er í
samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar."[...]*

Samþykkt

4. Hlíð og Hlíðarkot, landamerki - 2201001

Tekin fyrir landamerki Hlíðar 1, L141415 og Hlíðarkots, L141416 við jarðirnar Súðavík L207038, Eyrardal, L141408, Dvergastein L141404 og Hlíð lóð 3, L218286.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykka landamerki milli Eyrardals L141408 og Hlíðar 1 L141415 annars vegar og Súðavíkur L207038 og Hlíðarkots L141416 hins vegar.

Samþykkt

5. Lenging Sundabakka dýpkun og landfyllingar 2022 - 2201003

Tekinn fyrir verksamningur milli Hafnarsjóðs Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhafnar og Björgunar ehf vegna uppdælingar og landfyllingar.

Heildartilboðsupphæð er kr. 437.200.000,-

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að verksamningurinn verði samþykktur.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 18:45.



Hulda Gunnarsdóttir



Samúel Kristjánsson



Valgeir Scott



Sigurdís Samuelsdóttir



Bragi Þórður Þoroddsen



Jóhann Birkir Helgason